

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag II. áfanga Helgafellshverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 13. desember 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag annars áfanga íbúðarhverfis í Helgafellslandi. Deiliskipulagið fjallar um 6,6 ha svæði norðan og vestan miðhverfis byggðarinnar og gerir ráð fyrir 62 íbúðum á 35 lóðum í blandaðri byggð sérbýlis- og fjöleignarhúsa, auk einnar lóðar fyrir verslun og þjónustu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 8. janúar 2007,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2007